

AUGLÝSING

um náttúruvættið Hverfjall í Mývatnssveit.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfis, orku- og loftslagsráðherra hefur í samræmi við VII. kafla laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, 12. gr. auglýsingar um náttúruvættið Hverfjall (Hverfell) í Skútustaðahreppi, nr. 1261/2011, og með samþykki landeigenda jarðarinnar Voga og Þingeyjarsveitar og að fenginni tillögu Umhverfisstofnunar, ákveðið að endurskoða friðlýsingu náttúruvættisins Hverfjalls í Mývatnssveit, sbr. 48. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

Hverfjall er stór, hringlaga öskugígur, um 1000 m í þvermál, sem rís 90–150 m yfir flatlendið umhverfis. Gígurinn myndaðist fyrir um 2500 árum í þeytigos í grunnu stöðuvatni og er sérstakur að því leyti að gígskálin er álíka djúp og gígurinn er hár. Hliðar gígsins eru brattar og þétt settar af vatnsrásum. Hann er í röð fegurstu og reglubundnustu öskugígamyndana sem gefur að líta á Íslandi og talinn í röð þeirra stærstu sinnar tegundar á jörðinni. Hverfjall er syðsti hluti a.m.k. 1800 m langrar gossprungu.

Friðlýsta svæðið er 3,78 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmiðið með friðlýsingu Hverfjalls sem náttúruvættis er að vernda sérstæðar jarðmyndanir og ásýnd svæðisins. Þá er jafnframt markmið með friðlýsinguinni að tryggja að svæðið nýtist ólíkum hópum til útivistar og fræðslu, enda útivistar- og fræðslugildi mikið.

Með friðlýsinguinni er verndargildi Hverfjalls tryggt. Jafnframt er búið svo um að svæðið nýtist ólíkum hópum til útivistar og ferðaþjónustu til framtíðar, sé í stakk búið til að taka á móti þeim fjölda gesta sem sækja svæðið.

3. gr.

Mörk náttúruvættisins.

Mörk svæðisins eru fjallið sjálft og næsta umhverfi. Mörk svæðisins eru sýnd á hnitsettu korti í fylgiskjali en nánari landupplýsingar, m.a. hnit, má nálgast hjá Umhverfisstofnun.

4. gr.

Umsjón með náttúruvættinu.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með verndarsvæðinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Umhverfisstofnun getur falið einstaklingum, sveitarfélögum eða öðrum lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæðisins, sbr. 85. gr. laga nr. 60/2013. Umsjónarsamningur skal unninn í samráði við landeigendur og kynntur sveitarfélagi ef við á. Samningurinn felur ekki í sér vald til töku stjórnvaldsákvæðana.

Umhverfisstofnun skipar ráðgjafarnefnd um svæði í Mývatnssveit sem eru friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd. Ráðgjafarnefndin er Umhverfisstofnun til ráðgjafar um málefni er varða m.a. vernd og rekstur svæðanna, samstarf þeirra og stefnumótun. Í nefndinni sitja einn fulltrúi skipaður af Umhverfisstofnun og fer hann með formennsku, einn fulltrúi skipaður af sveitarfélagi og einn fulltrúi skipaður af Náttúrustofu Norðausturlands. Auk þess skal skipaður einn fulltrúi fyrir hönd hvern jarðar innan friðlýstra svæða í Mývatnssveit. Ráðgjafarnefndin er skipuð til fjögurra ára í senn í kjölfar sveitarstjórnarkosninga og er hlutverk hennar nánar útfært í erindisbréfi Umhverfisstofnunar.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið í samvinnu við landeigendur, sveitarfélag og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila í samræmi við 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjallað

um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks, reiðleiðir og flug fjarstýrðra loftfara.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

6. gr.

Verndun jarðminja.

Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í náttúruvættinu.

7. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs.

Óheimilt er að spilla gróðri í náttúruvættinu og óheimilt er að trufla dýralíf af ásetningi innan marka náttúruvættisins.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum innan náttúruvættisins, þ.m.t. ræktun og dreifing framandi plöntutegunda, í samræmi við reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, nr. 583/2000.

8. gr.

Verndun menningarminja.

Um vernd menningarminja fer eftir lögum um menningarminjar, nr. 80/2012.

9. gr.

Rannsóknir og vöktun.

Náttúrufræðistofnun ber ábyrgð á vöktun á náttúruvættinu, sbr. 74. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Vöktunaráætlun skal unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti af stjórnunar- og verndaráætlun. Skýrslur um niðurstöður rannsókna og vöktunar skulu vera aðgengilegar fyrir Umhverfisstofnun og landeigendur.

Aðrar náttúrufræðisrannsóknir en lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

10. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, sveitarfélags, sbr. skipulagslög, nr. 123/2010, og lög um mannvirki, nr. 160/2010, og landeigenda. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun. Gert er ráð fyrir merktum og stikuðum gönguleiðum um svæðið og skal leitast við að þær tengist öðrum gönguleiðum um Mývatnssveit.

Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að halda við vegum innan veghelgunarsvæða án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar svo fremi sem viðhaldsframkvæmdir hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins en um þær framkvæmdir gilda skipulagslög, nr. 123/2010, lög um mannvirki, nr. 160/2010 og eftir atvikum vegalög, nr. 80/2007.

Starfsmönnum náttúruverndarsvæðisins er heimil, ef nauðsyn krefur, notkun vélknúinna farartækja vegna starfa við stígagerð innan marka náttúruvættisins, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 528/2000, um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands.

11. gr.

Kvikmyndagerð, ljósmyndun og viðburðahald.

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar og landeigenda vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan náttúruvættisins sem valda raski á jarðminjum, gróðri eða dýralífi, sbr. 6. og 7. gr. Nánar er fjallað um kvikmyndagerð, ljósmyndun og viðburðahald í stjórnunar- og verndaráætlun.

12. gr.

Umferð um náttúruvættið.

Almenningi er heimil för um náttúruvættið, en fylgja skal merktum leiðum í samræmi við fyrir-mæli hverju sinni. Öll umferð er óheimil um utanverðar hlíðar fjallsins nema á merktum gönguleiðum og á svæðum skilgreindum í stjórnunar- og verndaráætlun. Starfsmönnum náttúruverndarsvæðisins er heimilt að sinna endurheimt ásýndar vegna skemmda utan merktra gönguleiða á Hverfjalli í samráði við Umhverfisstofnun.

Nánar er fjallað um hjólreiðar, umferð ríðandi, gangandi og aðra umferð í stjórnunar- og verndar-áætlun.

Óheimilt er að hafa lausa hunda í náttúruvættinu að undanskildum veiði-, þjónustu- og smala-hundum þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns.

13. gr.

Dvöl og umgengni í náttúruvættinu.

Óheimilt er að hafa næturstað innan hins friðlýsta svæðis. Einnig er óheimilt að urða eða henda rusli innan náttúruvættisins og skal allur úrgangur tekinn með út af svæðinu.

14. gr.

Veiði og notkun skotvopna.

Veiðar á mink og ref eru heimilar skv. ákvörðunum sveitarfélagsins og í samræmi við ákvæði laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

15. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn ákvæðum friðlýsingarinnar fer samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013.

Landvörðum eða þeim sem falið hefur verið eftirlit á grundvelli 2. mgr. 85. gr. laga um náttúru-vernd, nr. 60/2013, er heimilt að vísa brott úr náttúruvættinu hverjum þeim sem brýtur gegn þeim reglum sem um náttúruvættið gilda.

16. gr.

Endurmat friðlýsingar.

Friðlýsingin mun verða endurmetin að 10 árum liðnum frá gildistöku með tilliti til sérstakra aðstæðna á svæðinu, árangurs verndarráðstafana og framkvæmdar friðlýsingarinnar að öðru leyti. Endurmatið mun byggjast á 44. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, en þar segir að afnám frið-lýsingar eða breyting sem felur í sér að dregið er úr vernd viðkomandi náttúruminja sé aðeins heimil:

- a. ef verndargildi minjanna eða svæðisins hefur rýrnað svo að forsendur eru ekki lengur fyrir friðlýsingunni eða
- b. ef mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess.

17. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi. Við gildistöku fellur úr gildi auglýsing nr. 1261/2011 um náttúruvættið Hverfjall (Hverfell) í Skútustaðahreppi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 18. nóvember 2024.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.

Fylgiskjal.



B-deild – Útgáfudagur: 3. desember 2024